

Selfossi, 23. mars 2026

Bæjarráð Árborgar
Sveinn Ægir Birgisson formaður
Austurvegi 2
800 Selfoss

Áskorun til bæjarráðs Árborgar frá skólaráði Stekkjaskóla

Á fundi skólaráðs Stekkjaskóla þann 10. mars síðastliðinn var til umfjöllunar svar bæjarráðs frá 29. janúar vegna áskorunar skólaráðs um skólahreystivöll á skólalóð Stekkjaskóla.

Skólaráð þakkar fyrir svarið. Afgreiðsla bæjarráðs var eftirfarandi:

Bæjarráð þakkar skólaráði fyrir erindið. Bæjarráð telur að skoða þurfi mögulega uppbyggingu hreystivalla heildstætt fyrir sveitarfélagið samhliða rýni á öðrum leiksvæðum. Málinu vísað áfram til skoðunar á mannvirkja- og umhverfissviði.

Skólaráð ræddi afgreiðsluna og var eftirfarandi bókað í fundargerð ráðsins:

Fundarmenn voru ósáttir við hið pólitíska svar sem kom frá bæjarráði Árborgar og voru miklar umræður um það hvað væri best að gera í framhaldinu til að þrýsta á að hreystivöllur verði settur upp við Stekkjaskóla. Fulltrúi nemenda hafði orð á því að Árborg ætti enga peninga og þá kom hugmynd frá hinum fulltrúa nemenda hvort ekki væri hægt að fá styrki frá fyrirtækjum. Þessi hugmynd rædd og talað um hvað þurfi til varðandi hönnun og hvað verkið muni kosta. Annar fulltrúi nemenda spurði hvort ekki væri hægt að nota hönnun sem væri þegar til. Hugmynd kom að nemendur safni undirskriftarlistum og afhendi bæjarráði og foreldrafélagið hyggst skoða hvort fyrirtæki í bænum hafi áhuga á að styrkja verkefnið.

Í framhaldi að afgreiðslu bæjarráðs ákvað skólaráð að senda nýja áskorun.

Ályktun:

Skólaráð Stekkjaskóla ítrekar beiðni sína um að reistur verði skólahreystivöllur við Stekkjaskóla. Einnig óskar ráðið eftir því að fá að fylgjast með umræðu mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar um verkefnið.

Með von um jákvæða afgreiðslu,

Hilmar Björgvinsson skólastjóri
Arnar Páll Gíslason og Ragna Ýr Sigurvinsdóttir foreldrafulltrúar
Elín Aðalheiður Snorradóttir nemendafulltrúi og Ólafur Geir Hlynsson varafulltrúi
Helga Pórey Rúnarsdóttir og Kristín Bergmann kennarafulltrúar
Halla Baldursdóttir varafulltrúi annarra starfsmanna